

Þriðjudaginn 26. september 1944.

Kærumálið nr. 8/1944. Alþýðuhús Reykjavíkur h/f  
gegn

**Guðrúnu I. Jónsdóttur.**

Úrskurður héraðsdóms um efnisatriði máls felldur úr gildi.

### **Dómur hæstaréttar.**

Með bréfi, dags. 6. júlí þ. á. og hingað komnu 8. s. m., hefur borgardómarinn í Reykjavík sent hæstarétti kæru sóknaraðilja á úrskurði uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 26. júní þ. á. og þá samstundis kærðum. Hefur sóknaraðili krafizt þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að varnaraðilja verði dæmt að greiða sóknaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti. Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Eins og í úrskurðinum segir, er ágreiningur aðilja um það, hvort sóknaraðili geti gegn andmælum varnaraðilja gert á síðari stigum málflytningu í héraði viðtækari sýknukröfur en hann hafði gert í öndverðu. Þetta atriði varðar efni sakar og verður ekki gegn mótmælum annars aðilja greint frá öðru efni málsins til sérstakrar úrlausnar, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, heldur ber að dæma það ásamt öðrum efnisatriðum í dómi um efni málsins. Verður því samkvæmt kröfu sóknaraðilja að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Guðrún Í. Jónsdóttir, greiði sóknaraðilja, Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1944.

Mál þetta hefur höfðað Guðrún Iðunn Jónsdóttir, til heimilis Kirkjuvegi 25, Keflavík, gegn stjórn Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f, f. h. félagsins, til greiðslu vangoldinna vinnulauna að fjárhæð kr. 800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. sept. 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Er stefna málsins gefin út þann 23. nóv. f. á., og var málið þingfest á bæjarþingi 24. s. m. Fékk stefnda þá frest til 8. des. f. á. til þess að tjá sig um kröfur stefnandi og í greinargerð (dskj. nr. 4), sem lögð var fram þann dag, gerði stefnda þær kröfur, að það yrði sýknað gegn greiðslu á kr. 700.00, en algerlega sýknað af málskostnaðarkröfu. Stefnda áskildi sér þó rétt til að breyta þessari kröfugerð síðar, ef tilefni yrði til. Síðan var veittur sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar í málinu, og töldu aðiljar gagnasöfnun lokið þann 19. jan. s. l. Við nánari athugun var þó talið, að svo væri ekki, og var gagnasöfnun haldið áfram að ósk aðilja, og enn töldu þeir að öflun gagna væri lokið þann 30. marz s. l. Sumpart vegna mikilla anna við borgardómaraembættið og sumpart vegna þess, að umboðsmaður stefnda óskaði eftir því, að vottorðsgefandi einn staðfesti framlagt vottorð sitt, dróst það nokkuð, að dagur til munnlegs málflutnings yrði ákveðinn, en dómarrinn ákvað síðan með venjulegum fyrirvara, að málflutningur skyldi fram fara kl. 10 f. h. í dag. Var málið síðan tekið fyrir, og hélt umboðsmaður stefnandi þá sína fyrri ræðu, þar sem hann mótmælti því m. a., að önnur kröfugerð en sú, sem um getur í dskj. nr. 4, kæmi til greina af hálfu stefnda, en í bókun fyrir bæjarþinginu þann 30. marz s. l. hafði umboðsmaður stefnds gert kröfu, er gekk lengra en fyrrnefnd krafa í greinargerð, þ. e. að stefnda yrði sýknað gegn greiðslu á kr. 336.90, án málskostnaðar, og í sömu átt fór krafa hans við hinn munnlega málflutning, þ. e. krafa um sýknu gegn greiðslu á kr. 417.01, en málskostnaður yrði látinn falla niður. Heldur stefnandi því fram, að þessar síðari kröfur stefnda geti ekki komizt að í málinu gegn mótmælum sínum, en stefnda telur sér þetta heimilt, enda hafi verið áskilinn réttur til þessa, eins og áður greinir.

Þar sem þessi ágreiningur var risinn, krafðist umboðsmaður stefnda þess, að dómarrinn felldi úrskurð um það, að hann væri, eins og á stæði, ekki bundinn við kröfugerð sína á dskj. nr. 4, heldur mættu framangreindar kröfur hans komast að í málinu. Umboðsmaður stefnandi mótmælti því, að úrskurður yrði uppkveðinn um þetta atriði, þar sem það yrði til þess eins að tefja málið. Dómarrinn tók þetta ágreiningsatriði til úrskurðar, enda verður ekki fallizt á, að rétt sé að synja um úrskurð að þessu leyti.

Aðspurður við hinn munnlega málflutning, hver væri orsök

Þess, að ekki hefði verið komið fram með endanlegar kröfur af hálfu stefnda, fyrr en raun varð á, lýsti umboðsmaður stefnda því yfir, að hann hefði eigi verið búinn að kynna sér málið nægjanlega á þeim tíma, er greinargerðin var samin. Verður ekki fallið á, að þessi ástæða réttlæti það, hversu seint stefnda kom fram með hinar nýju kröfur, og með því að ekkert annað er leitt í ljós í málinu, sem geti talizt réttlæta þessa kröfugerð, sem gengur lengra en kröfurnar í greinargerð, þá þykir, gegn mótmælum stefnanda og með skirskotun til 106. gr. einkamálalaganna nr. 85/1936, eigi unnt að taka hinar síðari dómkröfur stefnda til greina, enda getur fyrrnefndur áskilnaður í greinargerð ekki talizt hafa þýðingu að þessu leyti. Kröfugerð stefnda í greinargerð verður því lögð til grundvallar í málinu. Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp úrskurð þenna.

**Þvi úrskurðast:**

Framangreindar dómkröfur stefnda komast eigi að í máli þessu.

Þriðjudaginn 26. september 1944.

Kærumálið nr. 7/1944. Vinnuveitendafélag Íslands  
gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamanna-  
félagsins Dagsbrúnar.**

Kærður úrskurður félagsdóms um frestveitingu. Frávísun.

**Dómur hæstaréttar.**

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af hinum reglulegu dómendum félagsdóms, þeim Hákonni Guðmundssyni, Gunnlaugi Briem, Kristjáni Kristjánssyni, Jóni Ásbjörnsyni og Sigurjóni Ólafssyni.

Forseti Félagsdóms hefur með bréfi 1. júlí þ. á. og hingað komnu sama dag sent hæstarétti kæru sóknaraðilja, dags. 24. júní þ. á., þar sem hann kærir úrskurð félagsdóms í málinu Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands, er kveðinn var upp 21. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.